

Undanfari: STÆ 304

Kennari: Bjarni Þór Traustason

Áfangalýsing: Efni áfangans er vísis- og lograföll, markgildi og deildun algengra falla. Fjallað er um deildun og markgildi í sögulegu samhengi og hagnýt verkefni sem leysa má með deildareikningi.

Í áfanganum er lagður grundvöllur að skilningi á deildun (diffnun). Helstu efnisatriði eru:

- Lograr, veldi og vísisföll
- Vaxtarhraði og afleiður
- Afleiður og ferlar
- Afleiður og gröf falla.

Markmið:

- Að nemandi hafi góðan skilning á raunföllum, þekki til vísis- og lografalla.
- Að nemandi geri sér grein fyrir markgildum falla og kannist við samfelldnihugtakið, kunni skil á deildareikningi og kunni helstu reiknireglur um deildun,
- Að nemandi geti notað deildareikning til að kanna föll.

Námsgögn:

* Stærðfræði 3000 – Föll, markgildi og deildun (Stærðfræði 403). Höfundar: Lars-Eric Björk og Hans Brolin. Mál og menning.

* Aukaefni frá kennara.

* Vasareinir (scientific calculator), rúðustrikuð blöð, 0,5mm blýpenni, 0,5mm 2B blý, BOXY strokleður.

Námsmat:

Þeir þrír þættir sem námsmat byggist á eru eftirfarandi:

1. Meðaltal skriflegra skilaverkefna. (30%)
2. Meðaltal tímaverkefna. (50%)
3. Mat kennara á vinnu nemanda í tímum, vinnubrögðum og framförum. (20%)